



**SÓKNARÁÆTLUN**  
SUÐURLANDS

# NIÐURSTÖÐUR ÞJÓNUSTUKÖNNUNAR UPPBYGGINGARSJÓÐS SUÐURLANDS

Vegna úthlutunar vorið 2021




**SASS**  
SAMTÖK  
SUNNLENSKRA  
SVEITARFÉLAGA

# Inngangur

- Þjónustukönnun Uppbyggingasjóðs er send á alla umsækjendur sjóðsins á hverju ári. Að þessu sinni var könnunin send á 132 umsækjendur sem sóttu um styrk í vorúthlutun 2021 eftir að umsóknarfrestur rann út. Könnunin var send út eftir að umsóknarfrestur rennur út og lauk áður en niðurstöður um styrk voru birtar.
- Svörun var 85 af 132 eða samtals 64,39%
- Menningarverkefni: 52,94% umsækjenda
- Atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefni: 47,06% umsækjenda

Hvaða flokki tilheyrði styrkumsókn þín?




# Upphæðir, fjöldi styrkveitinga og úthlutanir

Skoðun svarenda á viðeigandi fjölda úthlutana á ári er skýr, en 96,43% umsækjenda kjósa tvær úthlutanir á ári og eru þessar niðurstöður sambærilegar fyrri árum.


Þegar spurt er um skoðun umsækjenda á upphæð og fjölda styrkveitinga telja:

- 50,00% að upphæðir og fjöldi eigi að ráðast af eðli umsókna/verkefna hverju sinni
- 2,38% telja að styrkir eigi að vera margir og upphæðir lágar
- 3,57% telja að styrkirnir eigi að vera fáir og upphæðir háar
- 44,05% telja að fjölbreytni á að ríkja í upphæðum styrkveitinga.

Hver er þín skoðun á viðeigandi fjölda úthlutana á hverju ári?



Hvað lýsir almennt best skoðun þinni á upphæðum og fjölda styrkveitinga Uppbyggingarsjóðs Suðurlands?




# Upplýsingar um úthlutun

Þegar spurt var hvar umsækjendur fengu upplýsingar um úthlutun Uppbyggingarsjóðs Suðurlands kom í ljós að:

- 31,76% hafi fengið upplýsingar af heimasíðu SASS
- 29,41% fengu ábendingu frá vini
- 15,29% fengu ábendingu frá ráðgjafa
- 24,71% höfðu séð auglýsingu í héraðsfréttablöðum
- 25,88% höfðu séð auglýsingu á Facebook, sem er töluvert hærra en vorið 2022 þegar það voru 14%

Hvar fékkst þú upplýsingar um úthlutun Uppbyggingarsjóðs Suðurlands?




# Umsóknarformið

Þegar spurt var um umsóknarformið er ljóst að:

- 28,57% voru mjög ánægð(ur) með umsóknarformið
- 50,00% voru frekar ánægð(ur) með umsóknarformið
- 13,10% voru hvorki ánægð né óánægð
- 8,33% voru frekar óánægð(ur)

Þegar á heildina er litið, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með umsóknarformið?




# Umsóknarformið og vefur SASS

Nokkur ánægja er um leiðbeiningar uppbyggingu við að fylla út umsókn hjá sjóðnum.

- 85,88% eru frekar eða mjög ánægðir með leiðbeiningar við að fylla út umsókn
- 11,76% eru hvorki ánægðir né óánægðir


Hvernig finnst þér umsóknarformið hjá sjóðnum? s.s. uppbygging og leiðbeiningar



Þegar spurt er um framsetningu upplýsinga um sjóðinn á heimasíðunni telja:

- Lang flestir eða 85,54% svarenda að hún sé frekar eða mjög góð
- 10,84% að hún sé hvorki góð né slæm

Hvernig finnst þér framsetning upplýsinga um sjóðinn á heimasíðu SASS? s.s. uppsetning og leiðbeiningar.




# Ráðgjafabjónustan

Þegar spurt var um ánægju þjónustu ráðgjafa á vegum SASS kom í ljós að:

- 71,77% voru frekar eða mjög ánægð, þar af 48,24% mjög ánægð
- 9,41% voru hvorki ánægð né óánægð
- 17,65% voru ekki í samskiptum við ráðgjafa

Þegar á heildina er litið, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með þjónustu ráðgjafa á vegum SASS?




# Ráðgjafarþjónustan


Umsækjendur voru spurðir að því hvaða væntingar þau hefðu til ráðgjafarþjónustu SASS ef þau hlytu styrk eða hlytu ekki styrk.

- 44,58% þeirra sem hljóta styrk vænta þess að vera í reglubundnum samskiptum við ráðgjafa á meðan verkefninu stendur
- 38,10% hafa engar væntingar til ráðgjafarþjónustu SASS hljóti verkefnið ekki styrk
- 48,19% svarenda hefur væntingar um ráðgjöf til frekari fjármögnunaleiða hljóti verkefnið styrk
- 41,67% vænta þess að fá ráðgjöf um aðra sjóði eða fjármögnunarleiðir hljóti verkefnið ekki styrk

Ef verkefni þitt hlýtur EKKI styrk úr sjóðnum, hvaða væntingar hefur þú til þjónustu og ráðgjafar á vegum SASS?



Ef verkefni þitt hlýtur styrk úr sjóðnum, hvaða væntingar hefur þú til þjónustu og ráðgjafar á vegum SASS?





# Um áherslur og markmið sjóðsins

„Almennt fínar“

„Góðar áherslur“

„Mjög góð“

„Markmið of víð og í sumum tilfellum óljós. Sennilega væri betra að hafa mjög skráar áherslur frá ári til árs, sem féllu undir yfir víðar „yfirmarkmið“!“

„Góðar, mætti vera betur tekið fram hvaða viðmið eru notuð í mati á t.d. umhverfisþáttum og nýsköpun því þetta er breið svið. Sem sérfræðingur í umhverfis lausnum á ég erfitt með að meta hversu vel matsfólk getur metið mín verkefni. Svolítið eins og að vera efnafræðingur en að vera ekki viss hvort að ég sé að senda gögn til líffræðings eða efnafræðings. Sem dæmi þá er sjálfbærni úrelt í mínum vinnuhópum og græðandi aðferðafræði notuð. Átti erfitt að ræða um sjálfbærni 2011 og sama er upp á teninginn með græðandi hugmyndafræði nú. Hversu mikið bil er gert ráð fyrir í matsatriðum þegar frumkvöðlarnir hafa líklega mestu þekkingu á eigin starfsviði? Eðli nýsköpunar er að vera ný og því ómögulegt að allt falli innan ramma þessa þekta.“

„Ég er ánægður með sjóðinn. Hefur látið fjölda skemmtilegra fjölbreyttra hugmynda verða að veruleika. Áherslur og markmið eru vel ígrunduð og skila árangri“

„Mér finnst mikið öryggi í því að geta leitað í sjóði ef illa fer með mætingu á viðburð“

„Mér finnst sjóðurinn og það sem hann stendur fyrir algjörkega frábær og áherslurnar mjög góðar“

„ Hvað varðar áherslunar, þá nefnið þig 6púnkta en fyrstu 3 nefna “nýsköpun“. Ég skil að nýsköpun er í hnotskurn en þegar ég fer að fletta upp nákvæmari lýsingu á hugtakinu „nýsköpun“, þá koma upp mjög mismunandi skilgreiningunum. Nú til dags er erfitt að koma upp með glæný hugmund. Það gæti verið gott fyrir umsækjandur að vita nákvæmlega hvað þig eigið við. Ef ykkar skilgreining er að skapa eða búa til eitthvað nýtt, þá væri gott að íhuga líka: að endurbæta það sem þegar er til staðar.“

„Mjög skýr og afmörkuð“

# Um úthlutunarreglur sjóðsins

„Mætti vera hægt að sækja um styrk vegan tækja eða efniskaupa þar sem það getur verið fjárhagslega erfiðasti hlutinn af því að byrja á nýju verkefni“

„Engin skoðun“

„Þyrfti líka að þrengja frá ári til árs.“

„Vel skilgreind“

„Mjög ítarleg ig fínt.“

„Flott“

„Mjög góð“

„Mér þykir þær ver með þeim betri“

„Skýrar“

„ Hvað varðar úthlutunarreglur finnst mér allt sanngjarnt og skýrt. Það eina sem ég myndi vilja breytta er eftirfarandi. Segjum að umsækjandi þurfi nauðsynlega að fá greidd laun til þess að fullvinna verkefni sem krefst fullri vinnu í heilt ár. Umsækjandi verður að koma til móts við ykkur með 50% af heildarkostnaði og hægt er að hafa vinnuframlag sem mótsframlá. Mikið væri gott að geta fengið 50% laun, til dæmis ef maður er tilbúinn til þess að vinna fullra vinnu, 2080 klst á árið. Sjálf vantar mig ekki hugmyndaflugi heldur laun til þess að geta byrja að starfa sem frumkvöðull, því það er það sem ég stefni á, að stofna fyrirtæki og geta skapa mér framtíðarstarf. Ég er búin að kanna þetta og bankarnir í dag eru ekki viljug til að lána glæný fyrirtæki pening, skiljanlega. Fyrirtækið verður að vera allavega árs gömul en erfitt er að stofna fyrirtæki, byrja að framleiðavöru, borga reikninga og borga sig launn án þess að fá lán til að byrja með. Ég held að þetta sé hindrun hjá ansi marga sem stefna á frumkvöðlastarfssemi. Þegar ég fæ styrk fyrir verkefni mitt, þá vil ég vinna það mjög vel en það getur reynst erfitt að gera það á meðan maður er líka í vinnu annars staðar til þess að geta greidd reikninga.“

# Niðurstöður



Umsækjendur eru almennt ánægðir með sjóðinn og uppsetningu hans.

- Umsækjendum sem fengu upplýsingar um sjóðinn á heimasíðu SASS voru 31,76%
- 85,88% svarenda eru ánægðir með umsóknarformið, 85,54% eru ánægðir framsetningu upplýsinga um sjóðinn á heimasíðu SASS.
- 71,77% voru frekar eða mjög ánægð með ráðgjafabjónustu á vegum SASS.
- 48,19% höfðu væntingar ráðgjöf til frekari fjármögnunaleiða hljóti verkefnið styrk.
- 50,00% svöruðu því að upphæðir og fjöldi eigi að ráðast af eðli umsókna/verkefna hverju sinni.